

Tillaga til þingsályktunar

um uppbyggingu geðsjúkrahúss.

Flm.: Helga Vala Helgadóttir, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Guðjón S. Brjásson, Guðmundur Andri Thorsson,
Logi Einarsson, Oddný G. Harðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að hefja vinnu við að tryggja bættu aðstöðu fyrir geðsvið Landspítala til frambúðar með uppbyggingu geðsjúkrahúss á höfuðborgarsvæðinu. Skipaður verði starfshópur fagfólks og hagsmunaaðila, þ.m.t. notenda og aðstandenda þeirra, sem annist frumathugun, þarfagreiningu og húsrýmisáætlun vegna verksins, beri sam- an ólíka kosti og leggi fram tillögur að staðsetningu og stærð. Tryggt verði að nýr húsakostur mæti kröfum nútímans um mannúðlega, framsækna og fjölbreytta geðheilbrigðisþjónustu. Starfshópurinn leggi greinargerð sína og tillögur fyrir ráðherra eigi síðar en 1. júní 2021.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að ráðist verði í markvissan undirbúning að uppbyggingu húsnæðis fyrir geðheilbrigðisþjónustu Landspítala – háskólasjúkrahúss. Brýnt er að samhliða uppbyggingu nýs þjóðarsjúkrahúss við Hringbraut verði geðsviði Landspítalans fundinn fullnægjandi húsakostur sem tekur mið af þörfum fólks sem glímur við geðrænar áskoranir.

Í dag fer starfsemi geðsviðs einkum fram í gömlu byggingunni við Hringbraut og á Kleppi við Elliðaárvog. Húsnæðið á Hringbraut er byggt á áttunda áratugnum eftir byggingarreglugerðum þess tíma en Kleppsbyggingin var tekin í notkun árið 1929. Landssamtökin Geðhjálp hafa bent á að húsnæðið við Hringbraut sé um margt óhentugt fyrir starfsemina, þannig sé til að mynda ekki gert ráð fyrir útsvæðum fyrir þá sem eru í vistun á lokuðum deildum og í gæslu vegna veikinda sinna. Húsnæði Klepps er úr sér gengið og hugmyndafræðin að baki aðstöðunni gamaldags og á skjön við nútímakröfur um mannúðlega meðferð sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir.

Í úttekt landlæknis á geðsviði Landspítala frá 2013¹ kemur fram að ástandi húsnæðis sé víða ábótavant og það standist ekki kröfur nútímans. Húsbúnaður sé úr sér genginn, skortur sé á viðtalsherbergjum og óaskilegt fyrir þennan viðkvæma sjúklingahóp hve mörg legu- rýmanna séu í tvíbýli. Þá telji starfsmenn niðurlægjandi fyrir sig og sjúklingana að vinna og dvelja í niðurníddu umhverfi. Landlæknir kemst að þeirri niðurstöðu í úttektinni að gera þurfi nauðsynlegar úrbætur á húsnæði og húsbúnaði geðsviðs sem fyrst. Síðan hefur lítið breyst í þessum efnunum og má segja að geðheilbrigðisþjónustan hafi setið eftir í þeirri húsnæðis- uppbyggingu sem stendur yfir í heilbrigðiskerfinu.

Víða á Norðurlöndum hafa verið stigin mikilvæg skref á undanförunum árum í átt að mann- úðlegra og heilnæmara umhverfi fyrir sjúklinga sem glíma við geðrænar áskoranir. Í því samhengi má nefna geðsjúkrahúsið í Vejle í Danmörku sem var opnað árið 2017 í nýrri bygg-

¹ <https://www.landlaeknir.is/servelet/file/store93/item22653/Lokauttektarskyrsla%20-%20gedsvid%20LSHv.pdf>

ingu þar sem öll innanhússhönnun tekur mið af viðurkenndum áhrifum umhverfis og húsa-kosts á geðheilsu. Einnig er vert að skoða þá uppbyggingu sem nú á sér stað við Bispebjerg-spítalann í Kaupmannahöfn² og réttargeðdeildina á Sct. Hans í Hróarskeldu.³ Löngu er orðið tímabært að stigin verði sams konar skref á Íslandi og starfsemi geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss fundinn húsakostur þar sem er bjart, vítt til veggja og hátt til lofts og í umhverfi sem býður upp á útiveru og hreyfingu. Lagt er til að heilbrigðisráðherra skipi starfs-hóp sem vinni frumathugun og skili af sér greinargerð um mitt ár 2021.

² <https://www.psykiatri-regionh.dk/ny-psykiatri-bispebjerg/Sider/default.aspx>

³ <https://www.psykiatri-regionh.dk/NRSH/Sider/default.aspx>